

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hornafirði, 21. mars 2022
nr. erindis 202203037

Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar við frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald), 57. mál.

Sveitarfélagið Hornafjörður fagnar þeim tillögum sem fram koma í ofangreindu frumvarpi er varða aukinn rétt fólks til að halda hunda- eða ketti í fjöleignarhúsum. Sveitarfélagið gerir þó athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins:

1. gr.

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að húsfélag geti með samþykki 2/3 hluta eigenda lagt bann við dýrahaldi ef það veldur öðrum íbúum verulegum ama, ónæði og truflunum og eigandi dýrsins neitar að gera bót þar á.

Sveitarfélagið lítur svo á að þessa málsgrein beri að túlka á þann hátt að ef gæludýraeigandi í fjöleignarhúsi á dýr sem velur öðrum íbúum verulegu ónæði getur húsfélagið bannað allt dýrahald í fjöleignarhúsinu með auknum meirihluta. Þannig yrði öðrum gæludýraeigendum gert að fjarlægja sín dýr úr húsinu vegna þess að gæludýr annars einstaklings veldur íbúum ama.

Réttar væri að orða greinina á þann hátt að húsfélagið geti samþykkt að banna dýrahald þeirra einstaklinga sem halda gæludýr sem veldur öðrum íbúum verulegum ama, ónæði og truflunum og eigandi dýrsins neitar að gera bót þar á.

3. gr.

Í b. lið 3. gr. frumvarpsins segir að ef eigandi dýrs brýtur verulega eða ítrekað gegn skyldum sínum og áminningar hafa ekki áhrif, geti húsfélag ákveðið að banna dýrahald með samþykki 2/3 hluta eigenda og gert honum að fjarlægja dýrið úr húsinu.

Hér á það sama við og í 1. gr. frumvarpsins en túlka má orðlagið „getur húsfélag þá...bannað dýrahald með samþykki 2/3 hluta eigenda“ á þann hátt að dýrahald verði bannað með öllu í fjöleignarhúsinu.

Nauðsynlegt þykir að það komi skýrt fram í málsgreininni að húsfélag geti bannað dýrahald þeirra sem brjóta verulega eða ítrekað gegn skyldum sínum og áminningar hafa ekki áhrif sbr. þær kröfur sem gerðar eru til gæludýraeigenda skv. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Það getur ekki verið vilji þeirra sem leggja frumvarpið fram að einn slæmur gæludýraeigandi geti valdið því að aðrir gæludýraeigendur þurfi að líða fyrir. Þó mætti túlka orðalag greinanna á þann hátt og því nauðsynlegt að allur vafi sé tekinn af með skýru orðalagi ef það er ekki vilji frumvarpshöfunda.

Almennt um aukinn rétt fólks til að halda hunda- eða ketti í fjöleignarhúsum

Eins og segir í greinargerð með frumvarpinu þarf hunda- eða kattaeigandi í fjöleignarhúsi með sameiginlegan inngang eða stigagang að afla samþykkis aukins meirihluta íbúðareigenda, eða 2/3, fyrir hunda- eða kattahaldi skv. núgildandi lögum. Að þurfa samþykki aukins meirihluta íbúðareigenda fyrir gæludýrahaldi er tímaskekkja sem bregðast þarf við enda hefur það áhrif á friðhelgi einkalífs sem allir skulu njóta skv. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Friðhelgi einkalífs er réttur einstaklings til að vera laus við utanaðkomandi afskipti eða ónáði og skal ekki skerða nema brýna nauðsyn beri til.

Hingað til hefur verið litið svo á að réttur einstaklinga til að vera lausir við hugsanlegt ónáði af völdum gæludýra, sé ríkari en réttur gæludýraeigenda til að halda tiltekin gæludýr í fjöleignarhúsum. Þessu ætti að vera öfugt farið enda ætti að þurfa að sýna fram á að hundar- eða kettir valdi raunverulegu ónáði en ekki gefa sér það fyrir fram að allir hundar- eða kettir valdi slíku ónáði.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu takmarka ekki vald húsfélaga til að leggja bann við dýrahaldi ef það veldur öðrum íbúum verulegum ama, ónáði eða truflunum og eigandi dýrs neitar að gera bót þar á. Ef gæludýraeigandi verður ekki við kvörtunum nágranna sinna getur húsfélagið bannað dýrahald með samþykki 2/3 hluta íbúa og yrði honum þá gert að fjarlægja dýrið úr húsinu. Réttinum til að halda hund eða kött í fjölbýli fylgir því mikil ábyrgð og nauðsynlegt að sýna nágrönnunum tillitssemi, en sú regla á nú þegar við um alla sem búa í fjölbýli. Sveitarfélagið gerir hins vegar athugasemdir við framlagðar tillögur ef húsfélag á að geta bannað allt dýrahald í fjöleignarhúsi ef tiltekið gæludýr veldur íbúum verulegu ónáði. Aðrir gæludýraeigendur eiga ekki að þurfa að líða fyrir vanrækslu tiltekins gæludýraeiganda.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu takmarka núgildandi lög aðeins rétt hunda- eða kattaeigenda til gæludýrahalds í fjöleignarhúsum með sameiginlegan inngang eða stigagang. Íbúðareigendum er því heimilt að eiga ýmis önnur gæludýr án samþykkis annarra íbúðareigenda s.s. hamstra eða páfagauka. Telja verður líklegt að síðarnefnda tegundinn geti hæglega valdið jafn miklum ama og hávaðasamur hundur- eða köttur.

Það virðist sem svo að núverandi leið sé einna helst valin til að vernda hagsmuni þeirra sem hafa öfnæmi fyrir hundum- eða köttum eða eru haldnir fælmi fyrir þeim. Hér virðast hagsmunir fjöldans þurfa að víkja fyrir hagsmunum hinna fáu enda

Ólíklegt að það séu margir haldnir svo miklu ofnæmi eða fælni að ekki megi mæta hundi eða ketti á stigagangi. Þá ættu eðlileg þrif á sameign fjöleignarhúsa að koma í veg fyrir verulegt ónæði fyrir þá sem haldnir eru ofnæmi.

Að lokum er vert að benda á þann mikla mun sem er á hugsun Íslendinga hvað hunda- og kattahald varðar og ýmissa annarra Evrópubúa. Í Þýskalandi og í Austurríki ferðast fólk vandræðalaust með gæludýrin sín í strætó og fer jafnvel með þá á kaffihús, veitingastaði eða verslunarmiðstöðvar. Þó þarf alltaf að hafa þá í bandi og jafnvel með múl.

Þá eru sambærileg lög og hér eru lögð til þegar í gildi í Þýskalandi þ.e. leigusali getur ekki lagt blátt bann gegn hunda- eða kattahaldi í húsnæði sínu nema rík ástæða sé til. Telja verður ólíklegt að það séu hlutfallslega fleiri hér á landi með ofnæmi eða fælni fyrir þessum dýrum en í öðrum Evrópuþjóðum. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að stíga þetta mikla framfararskref fyrir hunda- og kattaeygendur.

Virðingarfyllst




Stefán Aspar Stefánsson
Verkefnastjóri umhverfismála
Sveitarfélagsins Hornafjarðar